

**Ná.**

**74. Frumvörp**

til laga um að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti í Tjörneshreppi í Suður-Pingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

Flutningsmenn: Ingólfur Bjarnarson og Benedikt Sveinsson.

1. gr.

Jörðin Bakki með Tröllakoti í Tjörneshreppi skal lögð undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps frá 1. júní 1922.

2. gr.

Á sama tíma skal Húsavíkurhreppur greiða Tjörneshreppi í eitt skifti fyrir öll sextán hundruð krónur og hafa lokið á tólf árum að gera akfæran veg að landamerkjum Bakka og Hjeðinshöfða.

3. gr.

Að öðru leyti skal Húsavíkurhreppur taka á sig þær skyldur og kvaðir, þar með talið þursfamannaframsæri, er af því leiðir, að jörðin Bakki með Tröllakoti heyrði áður til Tjörneshreppi, enda falli slíkar kvaðir og skyldur á hreppinn í samræmi við stjórnarráðsbrjef um skiftingu Húsavíkurhrepps í tvö sveitarfjölög, frá 4. júní 1912, nr. 72.

Á s t æ ð u r .

Um ástæður fyrir frv. þessu visum vjer til greinargerðar þeirrar, sem prentuð er hjer á eftir.

**Fylgiskjal.**

Árið 1912 var Húsavíkurhreppi hinum forna skift í tvo hreppa, er síðan heita Húsavíkurhreppur og Tjörneshreppur. Er Húsavíkurhreppur svo vítt sem ná lönd jarðanna Húsavíkur og Þorvaldsstaða. Að sunnan ná þau að landa-

merkjum Kaldbaks í Tjörneshreppi og að norðan að landamerkjum Bakka, sem einnig er í Tjörneshreppi. Í Bakkalandi er hjáleigan Tröllakot. Frá Húsavíkurkaupþúni að Bakka eru ca. 3 kílómetrar. Landamerkin liggja hjer um bil miðja vegu. En alt Bakkaland norður að landamerkjum Hjeðinshöfða er á alfaravegi rúml. 3 kílómetrar.

Jörðin Bakki ásamt Tröllakoti hefir því góða afstöðu til afnota fyrir Húsavíkurbúa, bæði til beitarr, svarðtekju, heyskaparr, einkum ef gerðarr yrðu þar engjabætur, og svo til nýræktunar og grasbýlastofnunar, því að jarðvegur er þar víða allgóður til slíkra hluta. En hins vegar var þröngt um landkosti hjá Húsvíkingum, og fengu því margir þar skjótt augastað á Bakka, enda fór svo, að haustið 1915 var Bakki keyptur af Húsavíkurhreppi samkvæmt kaupsamningi og afsali, dags. 19. okt. 1915 og þinglýstu á manntalsþingi Húsavíkur 17. júní 1916. Síðan hefir Bakki ásamt Tröllakoti verið í eigu Húsavíkurhrepps.

Eins og áður er á vikið, eru á Bakka allmikil skilyrði til nýræktunar og engjabóta, og er hvorttveggja hin mesta þörf fyrir Húsvíkinga, en kostar mikið fje. Áætlun hefir verið gerð um framræslu og áveitu mýrauna, og mundi það kosta 3—4 þúsund krónur. En meðan jörðin heyrir til öðrum hreppi, hefir verið allmikið hik á Húsvíkingum til umbóta þar. Þykir mörgum það óviðfeldið að skapa þar með athöfnum sínum skattstofn handa öðrum hreppi, sem eftir hlutarins eðli ætti að koma Húsavíkurhreppi til nota. Og hart þykir þeim, sem grasbýli vilja stofna á Bakka, en hafa að öðru leyti aðalatvinnu sína á sjó og landi í Húsavíkurhreppi, að gerast með því gjaldþegnar annars hrepps. Þess vegna var af hreppsnefndinni í Húsavíkurhreppi sú málaleitun hafin við hreppsnefnd Tjörneshrepps árið 1918, að fá samþykki hennar til þess, að Bakki ásamt Tröllakoti yrði innlimaður Húsavíkurhreppi. En hún synjaði í fyrstu. Gekk þá í þófi milli nefndanna um þetta mál að slinni. Loks sneri hreppsnefnd Húsavíkurhrepps sjer til sýslunefndarinnarr í S.-Þingeyjarsýslu og leitaði meðmæla hennar til löggjafarvaldsins um það, að Bakki fengist lagður undir Húsavíkurhrepp. Á fundi sínum 16.—19. mars 1921 gaf sýslunefndin þessi meðmæli, að því áskildu, að enn á ný væri leitað samþykkis hreppsnefndarr Tjörneshrepps um þetta, áður en fengin væri aðstoð löggjafarvaldsins. (Sjá meðsenda aðalfundargerð sýslunefndarinnarr í S.-Þingeyjarsýslu 16.—19. mars 1921, tölul. 31).

Enn að nýju var svo máli þessu skotið til hreppsnefndarinnarr í Tjörneshreppi. Leiddi það til þess, að hinn 7. d. desemberm. síðastliðið komu nefndir beggja hreppa saman á fund til nýrrarr umræðu um innlimun Bakka. Eftir langar umræður gaf hreppsnefndin í Tjörneshreppi einróma samþykki sitt til þess, að Bakki með Tröllakoti yrði lagður undir Húsavíkurhrepp, gegn því:

1. Að Húsavíkurhreppur greiddi Tjörneshreppi í eitt skifti fyrir öll sextán hundruð krónur.
2. Að akfær vegur yrði á næstu tólf árum fullbúinn norður að landamerkjum Bakka og Hjeðinshöfða.

Hreppsnefnd Húsavíkurhrepps gekk að þessum skilyrðum fyrir sitt leyti, og var nú þannig loks endir bundinn á málið. (Sjá meðsendan útdrátt úr gerðabók hreppsnefndarinnarr í Húsavíkurhreppi 7. des. 1921).

Þar eð samkomulag er nú fengið um þetta mál milli beggja hreppsnefnda og meðmæli sýslunefndarinnarr í S.-Þingeyjarsýslu, vill hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi leyfa sjer að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það samþykki

og afgreiði lög um að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti undir Húsavíkurhrepp. Leyfir nefndin sjer jafnframt að senda frumvarp til nefndra laga, ásamt áður nefndum fylgiskjólum: Sýslufundargerð S.-Þing. og útdrætti úr gerðabók hreppsnefndar Húsavíkurhrepps.

Virðingarfylst.

Húsavík, 27. jan. 1922.

F. h. hreppsnefndarinnar í Húsavíkurhreppi.

*Ben. Björnsson,*  
oddviti.

Til Alþingis 1922.